

Fornleifakönnun vegna breytinga á deiliskipulagi í landi Skeljavíkur á Stöndum



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Júní 2016
NV nr. 20-16

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Markmið og aðferðir	3
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
2.2 Aðferðafræði	4
3. Skrá yfir fornleifar	5
4. Skeljavík saga.....	5
3.1 Fornleifaskrá.....	6
5. Niðurstöður	7
6. Heimildarskrá.....	8

1. Inngangur

Að beiðni Gísla Gunnlaugssonar byggingafulltrúa Strandarbyggðar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun á deiliskipulagsreit í landi Skeljavíkur á Ströndum. Fyrirhugað er að afmarka þar 14 lóðir undur frístundahús. Svæðið er rétt utan við túngarð á bænum Skeljavík.

Vettvangsrannsókn fór fram þann 19. júní Fornleifarannsókn annaðist Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur sem og skýrsluskrif. Kort gerði Hulda Birna Albertsdóttir.

2. Markmið og aðferðir

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir

hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3. Skrá yfir fornleifar

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 1798 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 1798-001.

4. Saga Skeljavíkur

Fyrst er getið um Skeljavík við Steingrímsfjörð á Ströndum í Gíslasögu Súrsonar¹ og Gunnlaugssögu Ormstungu² þar sem sagt er frá að skip sem komu frá Noregi hafi lagst þar að.

Bærinn Skeljavík stóð upp af samnefndri vík sem er skammt sunnan við Hólmavík. Skeljavíkur er getið í máldaga Kálfaneskirkju árið 1397, en þá var hún eign kirkjunnar og var það enn 1709 en í Jarðabók Árna og Páls er getið um að jörðin greiði leigu í ullarvöru og þar búi sjö manns að meðtöldum sveitaómaga³.

Skeljavík var verslunarstaður frá miðri 19. öld. Þá fóru lausakaupmenn að koma á sumrin og versla við Strandamenn í Skeljavík og þangað sóttu Barðstrendingar einnig verslun. Aðalumsvifin voru í Skipavík, sem er lítill vogur sem liggur út í Skeljavík, og á Skipatanga, en fyrrum var bær á tanganum. Skeljavík varð löggiltur verslunarstaður með konungsbréfi árið 1863 og hélst verslun þar fram til 1894.

Þrátt fyrir að Skeljavík hafi þótt lítil jörð var hún notadrjúg og eru hvelju mörg hlunnindi nýtanleg og upptalin í Jarðabók Árna og Páls sem yfirleitt dregur úr öllum hlunnindum⁴. Skeljavík fór í eyði árið 1935. Bærinn stóð þó lengur og í síðari heimsstyrjöld dvöldu þar

¹ Gíslasaga Súrsonar 7. kafli sótt á netið. <https://www.snerpa.is/net/isl/gisl.htm>

² Gunnlaugssaga Ormstungu 3. Kafli Sótt á netið <https://www.snerpa.is/net/isl/gunnl.htm>

³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín 1984:392-393

⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín 1984:392-393

tveir og stundum þrír skoskir hermenn. Eftir að jörðin fór í eyði keypti sveitarfélagið hana og túnið var og er ennþá nýtt af Hólmvíkingum.

3.1 Fornleifaskrá

Jörð: Skeljavík

Verkefnanúmer:1789-001

Hlutverk: Óþekkt/útihús

Tegund: Rúst/rústabunga

Staðsetning: A: 376057 N: 579580

Staðhættir: Um 100 m suður af rústum bæjarhóls Skeljavíkur eru rústabunga með litlum veggjaleifum. Svæðið er að blása upp og hefur blásið allt í kring um hólinn en þéttleiki jarðlaga hafa hlíft hólnum.

Minjalýsing: Veggir eru mikið til horfnir en hægt er að greina þá á þrjá vegu og eru þeir um 30 cm á hæð. Líklega hefur þetta verið útihús.

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda og uppblásturs.

Jörð: Skeljavík

Verkefnanúmer:1789-002

Hlutverk: Fjarrétt

Tegund: Rétt

Staðsetning: A: 376029 N: 579587A

Staðhættir: Um 100 metra suður af bæjarhól Skeljavíkur og 20 m austur af rúst [1789-001]

Minjalýsing: Réttin er grjóthlaðin og er byggð við kletta sem mynda vestri langhlið réttarinnar.

Réttin er opin í austur í átt að Skeljavíkinni. Hleðslur eru um 50 cm og grónar. Réttin er 11x 7 m að utanmáli.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.



Mynd 1. Rústabuga í forgrunni og réttin sést fyrir aftan. Horft í vestur.

Jörð: Skeljavík

Verkefnanúmer: 1789-003

Hlutverk: Leið

Tegund: Leið

Staðsetning: A: 376054 N: 579572

Staðhættir: Þvert í gegn um deiliskipulagssvæðið er gamall vegur eða leið.

Minjalýsing: Leiðin er nokkuð greinileg á syðri hluta deiliskipulagsreitsins.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.



Mynd 2. Gömul leið sem liggur í gegn um svæðið. Horft til Norðurs.

5. Niðurstöður


Innan framkvæmdasvæðis voru skráðar þrjár minjar. Rústabunga [001], fjárrétt [002] og leið [003]. Gæta verður þess við framkvæmdir að raska ekki rústabungu og fjárréttinni. Með smá tilfærslum á byggingarreitum innan lóðamarka er hægt að koma í veg fyrir skemmdir á þessum minjum. Nauðsynlegt er að þeir sem reista frístundahús innan þessarar reita séu meðvitaðir um minjarnar og gæti þess að þær verið ekki fyrir neinu hnjaski. Einnig er mikilvægt að plöntur séu ekki gróðursettar nærri minjunum og ekki við þeim hreift á neinn hátt nema að fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands. Leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands til að raska leiðinni sem liggur í gegnum um svæðið en fyrirhugað er að gera veg þar sem leiðin/slóðinn liggur. Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna til Minjastofnunar Íslands.

6. Heimildarskrá


Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII. 1994. Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla. Reykjavík 1984.

Gíslasaga Súrssonar 7. kafli sótt á netið. <https://www.snerpa.is/net/isl/gisl.htm>

Gunnlaugssaga Ormstungu 3. Kafli Sótt á netið <https://www.snerpa.is/net/isl/gunnl.htm>



Skýringar:

-  Minjar
- 000 Nr. minja

Fornleifakönnun vegna Deiliskipulags í Skeljavík

Minjar	Strandabyggð
Mælikvarði: 1:500/A4	Dags: 24. 6. 2016
Náttúrustofa Vestfjarða/ Hulda Birna Albertsdóttir	